



16. stjórnarfundur LH
29. október 2021 kl. 12:00
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson, Stefán Logi Haraldsson, Hákon Hákonarson, Siguroddur Pétursson og Gréta V. Guðmundsdóttir úr aðalstjórn, Lilja Björk Reynisdóttir, Einar Gíslason, Aníta Aradóttir og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn.

Fjarverandi: Sóley Margeirsdóttir og Eggert Hjartarson úr aðalstjórn og Ingimar Baldvinsson, úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Fundargerð 15. fundar samþykkt
2. Umsóknir um Íslandsmót 2022
Ein umsókn barst um að halda Íslandsmót fullorðinna og ungmenna, frá Hestamannafélaginu Geysi. Ein umsókn barst um að halda Íslandsmót barna og unglinga, frá Hestamannafélaginu Borgfirðingi. Keppnisnefnd gefur jákvæða umsögn um umsóknirnar.
Afgreiðsla: Samþykkt að ganga til samninga við Hestamannfélagið Geysi um að halda Íslandsmót fullorðinna og ungmenna og Hestamannfélagið Borgfirðing um að halda Íslandsmót barna og unglinga.
3. Meistaradeild ungmenna – beiðni um styrk
Stjórn Meistaradeildar ungmenna óskar eftir styrk að fjárhæð 100.000 kr. til að standa fyrir fræðslu fyrir keppendur áður en deildin hefst.
Afgreiðsla: Óskað eftir meiri upplýsingum um hvers konar fræðsla er fyrirhuguð og fyrir hve marga.
4. Slysaskráningarhappur á vef LH – Ferða og öryggisnefnd
Ferða- og öryggisnefnd hefur hannað eyðublað á vef LH þar sem hægt er að tilkynna óhöpp og slys er verða í hestamennsku. Tilgangurinn er að safna upplýsingum til að greina hvort einhverjir ákveðnir staðir eða ákveðnar aðstæður séu sérstaklega að valda slysum.
<https://www.lhhestar.is/is/slysaskraning>
Afgreiðsla: Til kynningar.
5. Jöfnun ferðakostnaðar dómara
Lagt er til að auglýst verði eftir umsóknum frá félögum sem hafa haldið mót á árinu 2021, umsóknir verði metnar og úthlutað styrkjum til að koma til móts við ferðakostnað dómara. Með umsókn þarf að fylgja greinargerð og uppgjör mótanna.
Afgreiðsla: Samþykkt að semja reglugerð um úthlutanir fyrir næsta stjórnarfund. Samþykkt að setja allt að 2.000.000 kr. í verkefnið.
6. Formannafundur
Farið yfir efni fundarins.
7. Önnur mál
Rætt um málefni landsliðsmanns íslenska landsliðsins í hestaíþróttum, þar sem komið hefur í ljós



að viðkomandi landsliðsmaður hefur hlotið refsidóm fyrir kynferðisbrot gegn barni. Afgreiðslu málsins frestað til sérfundar síðar um daginn, meðan gagna væri aflað um málið.

Fundi slitið kl. 13.30